

Lög nr. 99/2010

um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi

Ingvi Már Pálsson, LL.M
skrifstofa orkumála
lõnaðarráðuneytið

Markmið

- “Efla nýfjárfestingu í atvinnurekstri, samkeppnishæfni Íslands og byggðapróun með því að tilgreina hvaða ívilnanir heimilt er að veita vegna nýfjárfestinga hér á landi og hvernig þeim skuli beitt”
- Í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar
 - *Lögð verði áhersla á að kortleggja sóknarfæri Íslands í umhverfisvænum iðnaði og ýta undir fjárfestingar með tímabundnum ívilnunum*
 - *Til að ná góðum og jöfnum hagvexti, sem sé forsenda fyrir nýjum efnahagslegum og félagslegum stöðugleika á Íslandi, þurfi að stuðla að beinum erlendum fjárfestingum*
- Núverandi fyrirkomulag við gerð fjárfestingarsamninga reynst þungt í vöfum og ómarkvisst

Uppbygging frumvarpsins

- I. kafli
 - Markmið, gildissvið, skilgreiningar
- II. kafli
 - Umsókn um ívilnun, skilyrði fyrir veitingu ívilnunar
- III. kafli
 - Byggðaaðstoð
- IV. kafli
 - Almennar ívilnanir
- V. kafli
 - Nefnd um veitingu ívilnunar, arðsemisútreikningar, samningur um veitingu ívilnunar, afmörkun, fjárheimild, eftirlit
- VI. kafli
 - Innleiðing og gildistaka

Skilyrði fyrir veitingu ívilnuna til nýfjárfestinga

- stofnað sé sérstakt félag um fjárfestingarverkefnið á Íslandi,
- fyrir liggi greinagóðar upplýsingar um fjárfestingarverkefnið,
- fyrirhugað fjárfestingarverkefni sé ekki þegar hafið og að sýnt sé fram á að veiting ívilnunar sé forsenda þess að fjárfestingarverkefnið verði að veruleika,
- a.m.k. 65% af fjárfestingarkostnaði sé fjármagnaður án ríkisaðstoðar og þar af sé að lágmarki 20% fjármagnað af eigin fé þess aðila sem sækir um ívilnun,
- árleg velta fyrirhugaðs fjárfestingarverkefnis sé a.m.k. 300 m.kr. eða að nýfjárfesting skapi a.m.k. 20 ársverk á fyrstu tveimur árum þess,
- fyrir liggi arðsemissútreikningar sem sýni fram á að nýfjárfestingin sé þjóðhagslega hagkvæm út frá hagsmunum íslensks efnahagslífs og samfélags, t.d. út frá atvinnusköpun, byggðapróun, útflutningi, skatttekjum og aukinni þekkingu,
- að um nýfjárfestingu sé að ræða og að tæki og búnaður sé nýr eða nýlegur,
- viðkomandi nýfjárfesting verði notuð að lágmarki til tíu ára á Íslandi,
- starfsemi félags sem ívilnunar nýtur sé að öllu leyti í samræmi við íslensk lög og stjórnvaldsfyrirmæli, þ.m.t. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir
- ekki séu fyrir hendi vangreiddir skattar eða gjöld til ríkis eða sveitarfélaga

Ívilnun vegna nýfjárfestinga

1. Byggðaaðstoð

- Heimildum stjórnvalda settar skorður af reglum EES samningsins um byggðaaðstoð
 - Byggðakort fyrir Ísland 2007-2013 skv. ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA)
 - Landsbyggðarkjördæmin þrjú
 - Leiðbeinandi reglur ESA um byggðaaðstoð 2007-2013
 - Hámark aðstoðar: Lítil fyrirtæki 35% af fjárfestingarkostnaði, meðalstór 25%, stór 15%, en lægra hlutfall fyrir stærri verkefni yfir 50 m.evra.
 - Uppfylla þarf skilyrði um nauðsyn og meðalhóf



Á grænlituðu svæði er heimilt að veita styrki til byggðapróunar (NUTS III stig)

Byggðastyrkjakort fyrir ÍSLAND
1. janúar 2008 - 31. desember 2013.

0 25 50 75 100 km

Tegundir ívilnana í boði sem byggðaaðstoð

- Beinn fjárstuðningur
- Frávik frá sköttum og opinberum gjöldum
 - Hámark tekjuskattshlutfalls fest í 10 ár frá því skattskyldar tekjur myndast
 - Heimild til ríkari fyrningu eigna
 - Undanþága frá iðnaðarmálagjaldi, markaðsgjaldi og raföryggisgjaldi
 - Lækkun stimpilgjalds í 0,15%
 - Lækkun fasteignaskatts um 30%
 - Lækkun tryggingagjalds um 20%
 - Undanþágur frá tollum og vörugjöldum
 - Gildir í 10 ár frá því að skatt- eða gjaldskylda myndast
- Sala eða leiga á landi eða lóð undir fjárfestingarverkefni á verði sem telst vera undir almennu markaðsverði

Ívilnun vegna nýfjárfestinga

2. Almenn ívilnun (óháð staðsetningu)

- Heimildum stjórnvalda settar skorður með reglugerð framkvæmdastjórnar ESB nr. 800/2008 um tiltekna flokka ríkisaðstoðar
- Ívilnun vegna þjálfunarkostnaðar nýfjárfestingar
 - Hámark 2 m.evrur
- Ívilnun vegna nýfjárfestinga lítilla og meðalstórra fyrirtækja
 - 10% eða 20% af fjárfestingarkostnaði, hámark 7,5 m.evrur
- Ívilnun vegna nýfjárfestinga í rannsóknar og þróunarverkefnum
 - Mismunandi hámark eftir tegund verkefna
- Ívilnun vegna umhverfistengdra fjárfestingarverkefna
 - Hámark 7,5 m.evrur

Ferill við veitingu ívilnunar

- Nefnd iðnaðarráðherra fer yfir umsókn um ívilnun og metur hvort skilyrði laganna séu uppfyllt
 - Umsækjandi leggur fram nauðsynleg gögn
- Fjárfestingarstofa framkvæmir arðsemisútreikninga
 - Sýna efnahags- og samfélagslegan ávinning
- Nefnd gerir tillögu til ráðherra, ráðherra leggur fram boð um ívilnun sem byggir á þeim heimildum sem eru í lögum
 - Mismunandi samsetning ívilnana eftir fjárfestingarverkefnum
- Undirritaður samningur milli ráðherra og umsækjanda um veitingu ívilnunar
 - Kveðið á um réttindi og skyldur aðila
- Eftirlit með notkun ívilnunar
 - Ívilnun afmörkuð við ákveðið fjárfestingarverkefni

Tímabundin löggjöf

- Hinn 31. desember 2013 falla lögin úr gildi. Ívilnanir sem veittar hafa verið fyrir þau tímamörk halda þó gildi sínu út þann tíma sem kveðið er á um í viðkomandi samningi um veitingu ívilnunar
 - Í samræmi við gildistíma byggðakortsins 2007-2013 og leiðbeinandi reglur ESA um byggðaaðstoð
- Áður en lögin falla úr gildi skal nefnd iðnaðarráðherra leggja mat á hvernig til hafi tekist með framkvæmd laganna og hvort rök standi til þess að framlengja gildistíma þeirra, að undangenginni endurskoðun á ákvæðum laganna
- Löggjöf samþykkt af ESA